



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegur 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1694**  
**komudagur 20.2.2013**

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík 20. febrúar 2013

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd.

Efni. Ný umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 570. Mál.

Það er skoðun samtaka skipstjórnarmanna innan, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að þau markmið sem fram koma í 1. gr. séu göfug og háleit og í raun þegar á heildina er litið, það sem í stórum dráttum skal stefna að. Það sem hinsvegar gerir það að verkum að FFSÍ er eindregið andsnúið frumvarpinu er þær breytingar sem leggja skal til grundvallar til að ná markmiðum laganna og snúa hreinlega göfugum markmiðum frumvarpsins upp í algjöra andhverfu sína.

Það er hreint ótrúlegt að þeir þingmenn séu til, sem trúir því í hjarta sínu að framþróun sjávarútvegs, aukin verðmætasköpun og ekki síst lífsgæðum þeirra er koma til með að starfa í greininni í framtíðinni sé best borgið með því að ganga sífellt lengra í því að skerða rekstargrunn þeirra fyrirtækja sem bestum tókum hafa náð á rekstri í sjávarútvegi. Yfirlýstur tilgangur er að efla útgerð og stuðla að nýliðun í þeim útgerðarflokki sem útilokað er að skilað geti nokkru sinni hliðstæðri hagkvæmni og arðsemi og hinn hefðbundni floti hefur verið fær um að gera. Þótt ekki sé vísað til annars en legu landsins og þeirra veðurfarsaðstæðna sem ríkja á Íslandsmiðum. Stöðugleiki í framboði sjávarafurða til viðskiptavina um allan heim er lykillinn að velgengni í matvælaframleiðslu. Slíkur stöðugleiki verður aldrei tryggður á ársgrundvelli með útgerð smárra báta sem ekki eiga erindi út á sjó þegar ylla viðrar, þótt því miður séu allt of mörg dæmi um að smábátar séu á sjó þegar togarar leita vars. Engin dæmi er til svo vitað sé, þar sem stóraukin ríkisafskipti af sjávarútvegi hafi leitt til annars en bölvunar fyrir atvinnugreinina. Að öðru leiti vísar FFSÍ til málflutnings á fundi Atvinnuveganefndar mánudaginn 18. febrúar og lætur hér fylgja með eldri umsókn sem frá 2011 þar sem flest sem þar stendur er enn í fullu gildi.

\*\*\*\*\*

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 827. mál

FFSÍ lýsir eindreginni andstöðu sinni við frumvarpið og telur fráleitt að það leiði til þess meginmarkmiðs sem lagt var upp með. Þ.e.a.s. Að skapa meiri sátt um stjórnkerfi fiskveiða meðal þjóðarinnar. Með frumvarpinu er verið að skerða með varanlegum hætti afkomu starfandi félagsmanna innan vébanda FFSÍ. Framkvæmdavaldinu er ætlað að úthluta og ráðstafa mun stærri hlut veiðiheimilda en áður er þekkt. Sá kvóti er tekin frá þeim fiskiskipaflota sem þorri umbjóðenda FFSÍ starfa á. Þar með er verið að taka atvinnu frá starfandi skipstjórnarmönnum til að færa öðrum. Í

svokallaðri Sáttanefnd varð niðurstaða til sátta byggð á því að skipta árlegum veiðiheimildum í tvo potta. Annarsvegar pottur núverandi handhafa aflahlutdeildar sem gerðu nýtingarsamninga til langs tíma um afnota eða nýtingarrétt veiðiheimilda. Hinsvegar hóflegur pottur fyrir ráðherrann til gæluverkefna. Allt sem að þessu snýr í frumvarpinu er meira og minna á skjön við sáttahugmyndir nefndarinnar.

6.gr. Fagna ber ákvæði sem kveður á um að ekki sé heimilt að róa til fiskjar nema í gildi sé kjarasamningur milli útgerða og áhafna fiskiskipa. Tillaga FFSÍ um gildistíma samnings um nýtingarrétt var og er miðuð við meðal líftími fiskiskipa. Ca. 30 ár +

7.gr. og 8. gr. Leiguframsal innan árs verði bannað. Sala skips með umsömdum nýtingarrétti þarf að vera til staðar.

10. gr. FFSÍ er eindregið á móti strandveiðum þar sem þær leiða með beinum hætti til aukins atvinnuleysis atvinnusjómanna og einnig til minni verðmætasköpunar en ella. Ef einhvertíma hefur verið fullkomlega viðeigandi að tala um gjafkvóta, þá á það nú við um strand-veiðiheimildir sem svo sannarlega standa undir gjafkvótanafninu.

11. Byggðakvóti er og verður aldrei annað en ávísun á misklíð og ósætti. Auk þess sem ráherra fær með þessu vald sem honum er ekki treystandi fyrir.

15. gr. Svokallaður VS afli er farinn að hafa veruleg áhrif á rekstur Hafrannsóknarstofnunar sem í rekstraráætlun gerir ráð fyrir 400 miljóna tekjum úr sjóðnum sem ef grannt er skoðað er hreinlega stolið af sjómönnum. Þar sem þessi tekjulind virðist komin til að vera þá er til bóta að skipta árinu niður í tímabil til að koma í veg fyrir misnotkun ákveðinna útgerða.

16-18. gr. Ganga þarf úr skugga um hver raunveruleg aflahlutdeild fyrirtækja er með tilliti til eignaðildar þeirra hvert í öðru.

19. gr. Banna skal framsal aflamarks. Jöfn skipti milli útgerða m.v.þorskígildisstuðla skulu gilda. Flutningur milli skipa innan sömu útgerðar skal heimilaður. Tekið er undir með SSÍ um að fari allur fiskur á markað þá muni forsendur til framsals gjörbreytast.

24.-27. gr. Allar auknar álögur á útgerðir gera samtökum sjómanna erfiðara fyrir með að verja kjör þeirra. Veiðigjald sem er afkomutengt eftir óljósum reglum er líklegt til að draga úr þeirri hagnaðarhugsun sem ráða ætti ríkjum í rekstri fyrirtækja. Veruleg aukning veiðigjalds ásamt afnámi sjómannaafláttar, sem nú þegar er lögfest, er ávísun á hörð átök í komandi kjarasamningum og í raun aðför að kjörum sjómannastéttarinnar. Að lokum skorar FFSÍ á stjórnvöld að draga frumvarpið til baka þar sem við blasir að tekið verður risaskref afturábak hvað varðar upphaflegt grunnmarkmiðið með samningu frumvarpsins þ.e.a.s. að ná langbráðri þjóðarsátt.

F.h. FFSÍ

